



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings ytra
Suðurlandsvegi 1
850 Hella**

Selfossi, 3. apríl 2025
2503065HS SHJ

**Efni: Hvammsvirkjun, efnistökusvæði E26, aukin heimild, nr. 0335/2025 -
Umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingar**

Þann 13. mars sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Rangárbings ytra í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um lýsingu breytingar á annars vegar aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og hins vegar aðalskipulagi Rangárbings ytra sem og breytingu á deiliskipulagi Hvammsvirkjunar vegna aukinnar heimildar efnistöku á efnistökusvæði E26 í sem staðsett er í lónsstæði Hvammsvirkjunar.

Ýmsar hönnunarforsendur fyrir framkvæmdir tengdar Hvammsvirkjun hafa tekið breytingum sem kalla á aukna efnisþörf, þ.m.t. breytt hönnun Þjórsárdalsvegar og bakfyllinga við hann. Núverandi heimildir í skipulagi gera ráð fyrir allt að 950.000 m³ efnistöku, þar af allt að 500.000 m³ af efni úr efnistökusvæði E26. Fyrirhugað er að stækka núverandi efnistökusvæði E26 og heimila allt að 390.000 m³ efnistöku til viðbótar við téða 500.000 m³. Heildarstærð efnistökusvæðisins verður 24,9 ha en öll efnistakan verður innan framkvæmdasvæðis og í lónsstæði Hvammsvirkjunar og því munu öll efnistökusvæðin hverfa í lónið að framkvæmdum loknum. Jafnframt er í skoðun hvort gera þurfi breytingar á því magni efnis sem verður haugsett og verður þá gerð grein fyrir því í aðalskipulagsbreytingu. Þá er ekki fullt samræmi í sveitarfélagamörkum á þessu svæði en skoðað verður með lagfæringar á þeim í samráði sveitarfélaganna og eftir atvikum landeigenda.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka, en bendir á í sambandi við hvaða leyfum fyrirhugðaðar framkvæmdir eru háðar, að haugsetning jarðefna, tímabundin eða varanleg, er starfsleyfis skyld starfsemi sbr. viðauka II og viðauka IV með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. Sé um tímabundna haugsetningu eða svokallaðan millilager að ræða, þar sem fyrirhugað er að nýta haugsett efni í aðrar framkvæmdir innan þriggja ára, þá er starfsemin starfsleyfis skyld hjá viðkomandi



heilbrigðisnefnd, sbr. tölul. 72 í viðauka IV með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Varanleg haugsetning jarðefna, þ.e. varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð, telst urðun og er starfsleyfisskyld starfsemi hjá Umhverfis- og Orkustofnun sem urðunarstaður fyrir óvirkann úrgang, sbr. viðauka II með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá er vinnsla jarðefna starfsleyfisskyld hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. tölul. 112 í viðauka IV með áður nefndum lögum.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Mönn
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi